

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Nicorette Invisi 10 mg/16 klst. forðaplástrar

Nicorette Invisi 15 mg/16 klst. forðaplástrar

Nicorette Invisi 25 mg/16 klst. forðaplástrar

nikótín

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota Nicorette Invisi nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækningurinn, lyfjafræðingurinn eða hjúkrunarfræðingurinn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Nicorette Invisi forðaplástra og við hverju þeir eru notaðir
2. Áður en byrjað er að nota Nicorette Invisi forðaplástra
3. Hvernig nota á Nicorette Invisi forðaplástra
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Nicorette Invisi forðaplástra
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Nicorette Invisi forðaplástra og við hverju þeir eru notaðir

Nicorette er notað sem hjálpartæki til að hætta að reykja. Það dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum. Úr Nicorette færðu það nikótín, sem þú færð venjulega úr tóbakinu. Reykingarþörf minnkar við notkun Nicorette Invisi forðaplástra, þar sem nikótín losnar úr forðaplástrunum meðan þeir eru á húðinni.

Þú getur notað Nicorette ef þú vilt:

- hætta að reykja
- tímabundið hætta að reykja

Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki. Verið getur að lækningurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Nicorette Invisi forðaplástra

Verið getur að lækningurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknisins.

Ekki má nota Nicorette Invisi forðaplástra:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækningnum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en Nicorette Invisi er notað.

Ráðfærðu þig við lækni ef

- þú hefur nýlega fengið hjartaáfall, hefur óstöðugan eða versnandi verk fyrir brjósti, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða hefur nýlega fengið heilablóðfall (heilablæðingu eða blóðtappa). Í þessum tilfellum skaltu hætta að reykja án lyfjameðferðar en hætta að reykja með ráðgjöf. Ef það tekst ekki skaltu ráðfæra þig við lækni.
- þú ert með alvarlega háan blóðþrýsting, stöðuga hjartaöng eða skerta hjartastarfsemi.
- þú ert með æðakölkun í heila, hefur fengið heilablæðingu eða blóðtappa í heila.
- þú ert með teppusjúkdóm í slagæðum útlima.
- þú hefur nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð, belgvíkkun á kransæðum eða annars konar hjartaaðgerð.
- þú ert með sykursýki. Þú getur þurft minni insúlínskammta eða færri töflur við sykursýki þegar reykingum er hætt. Mundu að mæla blóðsykur til að forðast óþægindi af blóðsykursveiflum.
- þú ert með of hröð efnaskipti sem ekki eru meðhöndluð.
- þú ert með æxli í nýrnahettumerg (krómfiklaæxli).
- þú ert með skerta lifrarstarfsemi.
- þú ert með alvarlega skerta nýrnastarfsemi.
- þú ert með magasár eða skeifugarnarsár.
- þú ert með exem eða bólgu í húð. Hætta skal meðferð ef fram koma alvarleg eða langvarandi viðbrögð á þeim stað sem plásturinn er (t.d. mikill roði, kláði, útbrot eða bólga), eða útbreidd húðviðbrögð (t.d. ofsakláði eða útbrot).
- þú ert með sögu um **flogaveiki** eða **krampa**.

Athugið að

- nikótínskammtar, sem fullorðið reykingarfólk þolir, geta valdið banvænni eitrun hjá ungum börnum. Notaðir plástrar geta innihaldið það mikið nikótín að þeir geta verið hættulegir ungum börnum. Geymið plástrana þar sem börn hvorki ná til né sjá og fargið þeim þar sem börn ná ekki til.
- Nicorette Invisi forðaplástrar geta ert húðina og þú getur fengið ofnæmi.
 - o Þvoðu hendurnar með vatni eftir að þú hefur skipt um plástur.
 - o Ekki skal nota sápu þar sem sápa getur aukið upptöku nikótíns.
 - o Þú skalt forðast snertingu við augu og nef.
 - o Ef þú færð mikil húðviðbrögð við notkun Nicorette Invisi forðaplásturs getur þú einnig fengið mikil húðviðbrögð við notkun annarra lyfja sem innihalda nikótín, og einnig sígaretta.
- þú getur haft þörf fyrir að nota Nicorette umfram ráðlagðan meðferðartíma. Hugsanleg áhætta við langtímanotkun Nicorette er mun minni en hættan sem fylgir því að byrja aftur að reykja. Nicorette inniheldur eingöngu nikótín.
- fjarlægja skal Nicorette Invisi forðaplástur áður en segulómmyndun (MRI) er framkvæmd til að koma í veg fyrir hættu á bruna.

Börn og unglingar

Börn yngri en 15 ára eiga ekki að nota Nicorette Invisi.

Athugið að nikótínskammtar, sem fullorðið reykingarfólk þolir, geta valdið banvænni eitrun hjá ungum börnum.

Notkun annarra lyfja samhliða Nicorette Invisi

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Segðu læknum frá því ef þú notar lyf við:

- astma og langvinnri lungnateppu (reykingalungu) (t.d. teofyllín)
- geðklofa eða öðrum geðsjúkdómum (t.d. clozapín og olanzapín)
- parkinsonsveiki eða fótaóeirð (t.d. ropiníról)
- óreglulegum hjartslætti (t.d. flecainíd)
- þunglyndi (t.d. imipramín, clomipramín, fluvoxamín).

Hafðu samband við lækni þar sem nauðsynlegt getur verið að breyta skömmtum.

Meðganga, brjóstagið og frjósemi

Við meðgöngu, brjóstagið, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað. Þú skalt hætta að reykja ef þú verður þunguð þar sem áframhaldandi reykingar geta skaðað fóstrið og nýburann alvarlega.

Meðganga

Ef þú ert þunguð máttu aðeins nota Nicorette í samráði við lækni eða heilbrigðisstarfsfólk. Ef þú reykir og verður þunguð skaltu hætta reykingum án þess að nota uppþótarmeðferð með nikótínlyfjum. Ef þú getur ekki hætt reykingum án þess að nota uppþótarmeðferð með nikótínlyfjum er minni áhætta að nota uppþótarmeðferð með nikótínlyfjum en að halda áfram reykingum.

Við notkun annarra lyfjaforma Nicorette berst minna nikótín út í blóðið en við notkun forðaplástranna. Ef þér tekst ekki að hætta reykingum með ráðgjöf skaltu ráðfæra þig við lækinn þinn um hvað henti þér best. Nicorette Invisi forðaplástrarnir gætu hentað þér ef þú ert með ógleði á meðgöngu.

Nikótín hefur áhrif á hjarta og öndun fóstursins og nýburans. Ráðfærðu þig við lækni.

Brjóstagið

Ef þú ert með barn á brjósti máttu ekki nota Nicorette þar sem nikótín berst í brjóstamjólk. Ráðfærðu þig við lækinn.

Akstur og notkun véla

Nicorette hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Nicorette Invisi forðaplástra

Leitaðu ráðgjafar og leiðsagnar samtímis notkun Nicorette. Það auðveldar fólki yfirleitt að hætta reykingum. Notið lyfið alltaf eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Þú skalt hætta alveg að reykja áður en þú byrjar að nota Nicorette Invisi forðaplástra. Nicorette Invisi forðaplástrar eru dagplástrar sem losa nikótín á þeim tíma sem þú venjulega reykir. Það kemur í stað þess nikótíns sem þú annars færð við reykingar.

Nikótínið losnar hægt úr nikótínforðanum, sem er innan á plástrinum. Nikótínið fer út í blóðið í gegnum húðina. Á 16 klukkustundum færðu alls 10, 15 eða 25 mg af nikótíni, allt eftir því hver styrkleiki plástursins er.

Settu Nicorette Invisi forðaplásturinn á hárlaust, óskaddað, hreint og þurrt svæði (t.d. á mjöðm eða upphandlegg) og fjarlægðu hann eftir u.þ.b. 16 klukkustundir. Ráðlagt er að plásturinn sé settur á á morgnana og fjarlægður á kvöldin fyrir svefn.

Ekki setja plásturinn á sama stað á hverjum degi heldur skiptu um stað t.d. á milli hægri og vinstri upphandleggs.

Þú getur notað Nicorette Invisi forðaplástra eina sér eða samtímis Nicorette 2 mg lyfjatyggigúmmíi, Nicorette Microtab 2 mg tungurótartöflum, Nicorette Coolsdrops 2 mg munnsogstöflum, Nicorette QuickMist munnholsúða eða Nicorette innsogslýfi.

Skammtastærðin fer eftir því hversu háður þú ert nikótíni. Það er einstaklingsbundið hversu lengi fólk þarf að nota Nicorette.

Venjulega er ekki ráðlagt að nota Nicorette lengur en í 6 mánuði. Þú gætir þó haft þörf fyrir að nota Nicorette í lengri tíma til að koma í veg fyrir að byrja að reykja aftur. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en 1 ár. Ráðfærðu þig við lækinn.

Notkunarleiðbeiningar fyrir Nicorette Invisi forðaplástra:

1. Klippið til að opna barnheldan þynnupokann. Opnið ekki þynnupokann fyrr en komið er að notkun plástursins því annars getur styrkur plástursins minnkað.
2. Fjarlægðu fyrst annan helming hlífðarhimnunnar og settu plásturinn á húðina. Fjarlægðu síðan hinn helming hlífðarhimnunnar og festu hinn hluta plástursins þétt á húðina. Þú skalt forðast að snerta límhlíðina.
3. Þrýstu plástrinum að húðinni í u.þ.b. 10 sekúndur.
4. Þvoðu hendurnar með vatni til að koma í veg fyrir að nikótín berist t.d. í augun.
5. Fjarlægðu plásturinn eftir u.þ.b. 16 klst. – áður en þú ferð að sofa.
6. Brjóttu plásturinn saman, þannig að límhlíðin vísi inn, og fargið honum þar sem börn hvorki ná til né sjá.
7. Settu nýjan plástur á næsta morgun.

Venjulegur skammtur er:

Fullorðnir

Við notkun forðaplástra eingöngu

Ef þú reykir fleiri en 20 sígarettur á sólarhring er ráðlagt að þú hefjir meðferð með:

- 1 plástur, 25 mg/16 klst., daglega í 8 vikur, síðan
- 1 plástur, 15 mg/16 klst., daglega í 2 vikur og loks
- 1 plástur, 10 mg/16 klst., daglega í 2 vikur.

Ef þú reykir færri en 20 sígarettur á sólarhring er ráðlagt að þú hefjir meðferð með:

- 1 plástur, 15 mg/16 klst., daglega í 8 vikur, síðan
- 1 plástur, 10 mg/16 klst., daglega í 4 vikur.

Tafla yfir meðferðarlengd

Skammtar við mikilli nikótínfíkn (fleiri en 20 sígarettur/sólarhring)		Skammtar við lítilli nikótínfíkn (færri en 20 sígarettur/sólarhring)	
<i>Forðaplástrar</i>	<i>Tímalengd</i>	<i>Forðaplástrar</i>	<i>Tímalengd</i>
25 mg/16 klst.	Fyrstu 8 vikurnar		
15 mg/16 klst.	Næstu 2 vikurnar	15 mg/16 klst.	Fyrstu 8 vikurnar
10 mg/16 klst.	Síðustu 2 vikurnar	10 mg/16 klst.	Næstu 4 vikurnar

Þegar reykingum er hætt með Nicorette Invisi forðaplástri samtímis Nicorette 2 mg lyfjatyggigúmmí, Nicorette Microtab 2 mg tungurótartöflum, Nicorette Cooldrops 2 mg munnsogstöflum, Nicorette QuickMist munnholsúða eða Nicorette innsogslyfi

Ef þú getur ekki hætt reykingum með Nicorette Invisi forðaplástri eingöngu getur þú notað samtímis Nicorette 2 mg lyfjatyggigúmmí, Nicorette Microtab 2 mg tungurótartöflur, Nicorette Cooldrops 2 mg munnsogstöflur, Nicorette QuickMist munnholsúða eða Nicorette innsogslyf sem virka hraðar en Nicorette Invisi forðaplástur. Þannig geturðu hætt fyrr að reykja.

Lestu fylgiseðilinn fyrir Nicorette lyfjatyggigúmmí, Nicorette Microtab 2 mg tungurótartöflur, Nicorette Cooldrops 2 mg munnsogstöflur, Nicorette QuickMist munnholsúða eða Nicorette innsogslyf áður en þú byrjar samsetta meðferð.

Upphafsméðferð

Fyrstu 8 vikurnar skaltu nota

- einn 25 mg/16 klst. Nicorette Invisi forðaplástur daglega.

- Nicorette tyggigúmmí / Nicorette Microtab / Nicorette Cooldrops 2 mg eftir þörfum, venjulega 5-6 stykki á sólarhring eða Nicorette QuickMist munnholsúða 1-2 úða á 30-60 mínútna fresti eða 4-5 tappa af Nicorette 10 mg innsogslyfi á sólarhring, eftir þörfum.
- Þú mátt nota hámark 24 Nicorette tyggigúmmí/Microtab tungurótartöflur, 15 munnsogstöflur, 32 úða af munnholsúða eða 12 tappa með Nicorette 10 mg innsogslyfi á sólarhring.

Notkun hætt smám saman

Eftir 8 vikna notkun skaltu draga smám saman úr meðferðinni samkvæmt annarri af eftirfarandi leiðum:

Annað hvort

1. Notaðu lægri styrkleika af Nicorette Invisi forðaplástri.
- Fyrst skaltu nota Nicorette Invisi 15 mg/16 klst. forðaplástur í 2 vikur. Haltu áfram að nota Nicorette 2 mg tyggigúmmí, Nicorette Microtab 2 mg tungurótartöflur, Nicorette Cooldrops 2 mg munnsogstöflur, Nicorette QuickMist munnholsúða eða Nicorette innsogslyf eftir þörfum, eins og þú gerðir fyrstu 8 vikurnar.
- Síðan skaltu nota Nicorette Invisi 10 mg/16 klst. forðaplástur í 2 vikur. Haltu áfram að nota Nicorette 2 mg tyggigúmmí, Nicorette Microtab 2 mg tungurótartöflur, Nicorette Cooldrops 2 mg munnsogstöflur, Nicorette QuickMist munnholsúða eða Nicorette innsogslyf eftir þörfum, eins og þú gerðir fyrstu 8 vikurnar.
- Að lokum skaltu hætta notkun Nicorette Invisi forðaplásturs og draga úr notkun Nicorette 2 mg tyggigúmmís, Nicorette Microtab 2 mg tungurótartaflna, Nicorette Cooldrops 2 mg munnsogstaflna, Nicorette QuickMist munnholsúða eða Nicorette innsogslyfs.

Eða

2. Hættu notkun Nicorette Invisi forðaplásturs og dragðu úr notkun Nicorette 2 mg tyggigúmmís, Nicorette Microtab 2 mg tungurótartaflna, Nicorette Cooldrops 2 mg munnsogstaflna, Nicorette QuickMist munnholsúða eða Nicorette innsogslyfs á 12 mánuðum eða þar til þú hefur ekki lengur þörf fyrir það.

Tafla yfir notkun forðaplástra samtímis lyfjatyggigúmmí / munnsogstöflum / tungurótartöflum 2 mg, munnholsúða eða innsogslyfi

Tímalengd	Forðaplástrar	Lyfjatyggigúmmí/ munnsogstöflur/ tungurótartöflur 2 mg	Innsogslyf 10 mg	Munnholsúði 1,0 mg/úða
Fyrstu 8 vikurnar	Einn 25 mg/16 klst. plástur daglega	Eftir þörfum, mælt er með að notuð séu 5-6 stykki yfir daginn	Eftir þörfum, mælt er með að notaðir séu 4-5 tappar af innsogslyfi yfir daginn	Eftir þörfum, 1-2 úðar á 30-60 mínútna fresti
Notkun hætt smám saman - valkostur 1				
Næstu 2 vikurnar	Einn 15 mg/16 klst. plástur daglega	Notkun haldið áfram eftir þörfum	Notkun haldið áfram eftir þörfum	Notkun haldið áfram eftir þörfum
Næstu 2 vikurnar þar á eftir	Einn 10 mg/16 klst. plástur daglega	Notkun haldið áfram eftir þörfum	Notkun haldið áfram eftir þörfum	Notkun haldið áfram eftir þörfum
Á 12 mánuðum		Notkun hætt smám saman	Notkun hætt smám saman	Notkun hætt smám saman

Notkun hætt smám saman - valkostur 2				
Á 12 mánuðum		Haldið er áfram að draga smám saman úr notkun	Haldið er áfram að draga smám saman úr notkun	Haldið er áfram að draga smám saman úr notkun

Aldraðir

Ekki er nauðsynlegt að minnka skammta. Fylgdu fyrirmælum læknisins.

Notkun handa börnum og unglingum

Börn yngri en 15 ára eiga ekki að nota Nicorette.

Athugið að nikótínskammtar, sem fullorðið reykingarfólk þolir, geta valdið banvænni eitrun hjá ungum börnum.

Skert nýrna- og lifrarstarfsemi

Nauðsynlegt er að minnka skammta. Fylgdu fyrirmælum læknisins.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Hafið umbúðir lyfsins við höndina.

Ef þú hefur fengið of mikið nikótín hvort sem er úr nikótínlyfjum til að hætta að reykja og/eða vegna reykinga, getur það valdið einkennum ofskömmtnar. Þú getur fengið ógleði, aukna munvatnsmyndun, kviðverki, niðurgang, svitaköst, höfuðverk, sundl, heyrnartruflanir, máttleysi og uppköst.

Ef einkenni ofskömmtnar nikótíns koma fram skaltu hætta tímabundið að nota nikótínvörur og eftir það minnka magn nikótíns annað hvort með því að nota færri plástra eða nota plástra sem innihalda minna nikótín.

Eftir stóra skammta getur þú einnig fengið lágþrýsting og þ.a.l. yfirlið, veikan eða óreglulegan hjartslátt, mjög hraðan hjartslátt, hjartsláttartruflanir, öndunarerfiðleika, líkamlega og andlega örmögnun, blóðrásarbilun og krampa. Hafðu samband við lækinn, bráðamóttöku eða hringdu e.t.v. í 112 ef þú færð þessi einkenni.

Ef þig grunar að barn hafi orðið fyrir nikótíneitrun skaltu tafarlaust hafa samband við lækinn eða sjúkrahús. Athugið að nikótínskammtar, sem fullorðið reykingarfólk þolir, geta valdið banvænni eitrun hjá ungum börnum.

Ef gleymist að nota Nicorette

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt af Nicorette sem gleymst hefur að nota. Haltu aðeins áfram að nota venjulegan skammt.

Ef hætt er að nota Nicorette

Þú skalt draga úr notkun Nicorette smám saman áður en þú hættir meðferð. Þú getur fundið fyrir reykingaþörf ef þú hættir að nota Nicorette án þess að draga úr notkuninni smám saman.

Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum. Aukaverkanir af notkun Nicorette eru skammtaháðar. Aukaverkanirnar eru samsvarandi þeim sem þú getur fengið af reykingum.

Nicorette Invisi forðaplástur getur valdið ertingu húðar. Það gerist hjá 2 af hverjum 10 sjúklingum á fyrstu vikum meðferðar.

Alvarlegar aukaverkanir:

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum): Skyndileg húðútbrot, öndunarerfiðleikar og yfirlið (innan fárra mínútna eða klukkustunda) vegna ofnæmis (bráðafnæmisviðbrögð). Getur verið lífshættulegt. Hringdu í 112.

Aukaverkanir sem ekki eru alvarlegar:

Mjög algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum): Kláði.

Algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum): Höfuðverkur, ofsakláði, útbrot, þroti, ógleði, uppköst.

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum): Andnað / öndunarerfiðleikar. Getur verið eða orðið alvarlegt. Hafðu samband við lækni. Hraður puls. Getur orðið alvarlegt. Ef þú færð mjög hraðan og óreglulegan puls eða líður illa eða það líður yfir þig skaltu hafa samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringdu e.t.v. í 112. Of hár blóðþrýstingur. Hafðu samband við lækni. Of háan blóðþrýsting skal meðhöndla. Mjög hár blóðþrýstingur er alvarlegur. Ofnæmi, náladofi, stingandi tilfinning eða tilfinningaleysi í húð, hjartsláttarónot, roði, vöðvaverkir nálægt plástrinum, þröttleysi og máttleysi, óþægindi og þreyta, brjóstverkir og óþægindi fyrir brjósti, mikil svitamyndun.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum): Ofnæmisviðbrögð, þ.a.m. útbrot (ofsakláði) og bólga. Getur verið alvarlegt. Ráðfærðu þig við lækni. Ef fram kemur bólga í andliti, á vörum og tungu getur það verið lífshættulegt. Hringdu í 112. Meltingarónot, roði í húð, verkir í hand- og fótleggjum.

Aukaverkanir þar sem tíðni er ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum): Krampar.

Þegar reykingum er hætt:

Ýmis einkenni geta komið fram þegar reykingum er hætt. T.d. depurð, svefnleysi, þirringur, gremja, reiði, kvíði, einbeitingarskortur og eirðarleysi eða óþolinmæði. Einnig getur komið fram hægari hjartsláttur, aukin matarlyst, þyngdaraukning, sundl, hósti, hægðatregða og mikil reykingalöngun. Þú getur einnig fengið munnangur, blæðingu frá tannholdi eða nefkoksþöglu.

Tilkynning aukaverkana

Látið læknið, lyfjafræðing og hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Nicorette Invisi forðaplástra

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið við lægri hita en 25 °C.

Ekki skal nota Nicorette eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

Geymið afgang Nicorette Invisi forðaplástra þar sem reykingarþörf getur skyndilega komið upp.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Nicorette Invisi forðaplástrar innihalda:

Virka innihaldsefnið: Nikótín.

Önnur innihaldsefni:

- Bakhlið með áletrun: Pólýetýlenterepalat filma (PET), prentlitur/blek (blöndunarlakk, brúnt prentblek, tregðunarefni, herðir)
- Nikótínlag: Meðallangar þríglýseríðkeðjur, basísk bútýleruð metakrýlat samfjölíða
- Límlag: Akrýllímlausn, kalíumhýdroxíð, kroskarmellósanatríum, álasetylasetónat
- Hlíðarfilma: PET-filma (pólýetýlenterepalat), sem er álhúðuð á annarri hliðinni og sílikonhúðuð á báðum hliðum

Hver Nicorette Invisi forðaplástur inniheldur 15,75 mg (losar 10 mg/16 klst.), 23,62 mg (losar 15 mg/16 klst.) eða 39,37 mg (losar 25 mg/16 klst.) af nikótíni.

Lýsing á útliti Nicorette Invisi forðaplástra og pakkningastærðir

Nicorette Invisi forðaplástur er drapplitaður, hálf gagnsær, ferhyrndur plástur með rúnuðum hornum, með ferhyrndri, ál- og kísilhúðaðri hlífðarfilmu. Á plástrinum er áletrunin „nicorette“ með brúnum lit.

Nicorette Invisi forðaplástrar eru í innsigliðum marglaga pokum. Pokarnir eru fáanlegir í öskju með 7, 14 eða 28 forðaplástrum í hverri pakkningu.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi

McNeil Denmark ApS, Transformervej 14, 2860 Søborg, Danmörk.

Framleiðandi

LTS Lohmann Therapie-Systeme AG, Lohmannstrasse 2, D-56626 Andernach, Þýskaland.

Umboð á Íslandi

Vistor ehf. Sími: 535 7000.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í mars 2026.